

Tillögur til 29. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

Félag smábátæigenda á Austurlandi

*Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,
haldinn 26. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

1. Veiðidagar á grásleppuvertíð 2014 verði 30. Einnig vill fundurinn að sameina megi tvö grásleppuveiðileyfi á einn bát en veiðidögum hins sameinaða leyfis fækki um helming. Ennfremur telur fundurinn að veiðiráðgjöf Hafró séu ekki studd nægum rannsóknum og tímasetning ráðgjafarinnar algert bull þ.e. eftir marsrall stofnunarinnar þegar grásleppuveiði er hafin.

Sæljón

*Aðalfundur Sæljóns, félags smábátæigenda á Akranesi,
haldinn 1. október 2013, samþykkti eftirfarandi:*

2. **Grásleppa**

- a. Fundurinn mótmælir harðlega lokun veiðisvæða í Faxaflóa sem gerðar voru vegna kröfu æðarbænda. Lokunin kemur sér mjög illa fyrir þá sjómenn sem þarna stunda veiðar enda um víðfeðmt svæði að ræða.

Rökin fyrir þessari lokun eru illa ígrunduð og gerð vegna einhliða túlkunar og frekju aðila sem hlut eiga að máli. Benda má á að ágætur skilningur var milli sjómanna og æðarbænda og tóku sjómenn fullt tillit til bréfs er þeir fengu af þessu tilefni. Sjómenn kæra sig ekki um að fá fugl í netin og forðast lagnir þar sem hætta er á slíku. Þó er aldrei hægt að forðast það með öllu og skiptir þá

ekki máli hvar netin liggja því fuglinn fylgir loðnunni og getur lent í neti út á miðjum Faxaflóa.

- b. Aðalfundur Sæljóns ályktar að veiðidagar verði 50 og takmarkanir frá síðustu vertíð endurskoðaðar.
- c. Sæljón hvetur til þess að áframhald verði á þróun og markaðssetningu á grásleppuhrognum.

Snæfell

Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi, haldinn 15. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

3. Aðalfundur Snæfells ályktar að veiðidagar á grásleppu verði aldrei færri en 50 á ári.
4. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega ráðgjöf Hafró um grásleppuveiðar. Fundurinn telur að hún sé í engu samræmi við veiðar og gengd grásleppu undanfarin ár.

Elding

Aðalfundur Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum, haldinn 22. september 2013 samþykkti eftirfarandi:

5. Aðalfundur Eldingar leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.
6. Aðalfundur Eldingar leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

Strandir

Aðalfundur Stranda, félags smábátæigenda í Strandasýslu, haldinn 22. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

7. Aðalfundur Stranda leggur til að heimilað verði að sameina grásleppuleyfi. Við sameiningu fjölgi dögum hlutfallslega um 50%.

Skalli

Aðalfundur Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra, haldinn 30. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

8. Aðalfundur Skalla mótmælir afskiptum Hafrannsóknastofnunar af veiðistjórnun á grásleppu og telur að hún sé engan veginn í stakk búin að veita ráðgjöf af því tagi sem hún gerir í skýrslu sinni: Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2011/2012 og aflahorfur 2012/2013.
9. Aðalfundur Skalla krefst þess að ákvæði sem fjallar um umvitjun neta verði felld úr gildi.
10. Aðalfundur Skalla leggur til að reglum um netafjölda við grásleppuveiðar verði breytt í samræmi við nýjar kröfur og tækni. Netafjöldi verði óbreyttur en miðaður við 2 menn í stað 3 hjá bátum þar sem grásleppan er skorin í landi og búnir eru niðurleggjara.

Klettur

Aðalfundur Kletts, félag smábátæigenda Ólafsfjörður - Tjörnes, haldinn 29. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

11. Aðalfundur Kletts hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnunin beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð.
12. Aðalfundur Kletts leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E. Veiðidagar 50 og veiðitímabil 100 dagar.
13. Aðalfundur Kletts leggur til að heimildir til stækkunar grásleppuleyfa verði felldar úr gildi, jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi og auka hagræðingu.
14. Aðalfundur Kletts leggur til að hámarksfjöldi neta við grásleppuveiðar verði 120 löng, helmingi færri ef einn maður er á.

Fontur

Aðalfundur Fonts, félags smábátæigenda á Norðausturlandi, haldinn 25. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

15. Grásleppa

- a. Aðalfundur Fonts leggur til við aðalfund LS að samþykkt verði tillaga til ríkisstjórnar Íslands að hún hlutist til um að úthlutað verði 20 milljónum til LS í að þróa og markaðssetja frosin grásleppuhrogn fyrir A-Evrópu og Asíu markaði.

Greinargerð

Má í þessu sambandi benda á þá þróun sem orðið hefur í sölu og markaðssetningu á frostnum loðnuhrognum frá Íslandi sl. 20 árin þar sem nú fer stór hluti af þeim til Austur Evrópu.

Mjög mikilvægt sé að þróa aðra vinnsluáferð og finna henni markað svo grásleppuveiðum verði ekki sjálf hætt. Grásleppuveiðar eru

kostnaðarsamar og hætta á veiðarfæratiðni er mikil og til þess að veiðarnar geti haldið áfram þarf sjómaðurinn að sjá einhvern ávinning að stunda þessar veiðar.

Telur fundurinn að þær 20 milljónir sem farið er fram á muni skila sér margfalt til baka.

- b. Aðalfundur Fonts leggur til við aðalfund LS að hann samþykki tillögu til Atvinnuvegaráðuneytisins að heimilt verði að sameina grásleppuleyfi þannig að dögum fjölgi hlutfallslega með helmings skerðingu. Við sameiningu daga fækki netum með sambærilegum hætti.

Greinargerð

Þetta fyrirkomulag myndi minnka sókn í grásleppuna, fækka leyfum og minnka að útgerðir geri út 2 báta til veiða samtímis. Álag á veiðisvæði myndi minnka við svona tilhögun og jafna framboð hroгна milli ára. Fækki veiðidögum enn frekar en nú er að tillögu Hafró verður greinin að bregðast við til að veiðarnar leggist ekki af.

- c. Aðalfundur Fonts skorar á atvinnuvegaráðherra að gera að skilyrði að uppsjávarskip sem fá veiðileyfi með flotvörpu verði útbúin stórfiskaskilju til að koma í veg fyrir að fiskur (meðafli) eins og t.d. grásleppa endi ofan í lestum skipsins í stað þess flokkast frá á skiljunni og fari lifandi í hafið aftur.

Greinargerð

Vitað er um að verulegt magn af grásleppu kemur sem meðafli í flotvörpu við uppsjávarveiðar. Meðafli þessi er öllum til óþurftar og fyrir bestu að grásleppan fari strax lifandi í hafið aftur af stórfiskaskiljunni.

Þrátt fyrir ítrekaða umræðu hefur ekki tekist að vekja „kerfið“ (Hafró, Biopol, Fiskistofu, Atvinnuvegaráðuneytið) upp fyrir mikilvægi stórfiskaskilju við þessar veiðar til verndunar grásleppustofninum.

- d. Aðalfundur Fonts gerir þá kröfu að skerðing á veiðiheimildum í grásleppu gefi rétt á bótum sambærilegum og gildir um uppbætur í skel og rækju.

16. *Veiðigjald*

Aðalfundur Fonds mótmælir álagningu sérstaks veiðigjalds á grásleppu og krefst þess að frítekjumark verði virkt.

17. *Ígildastuðlar*

Aðalfundur Fonds óskar eftir að ígildastuðull fyrir grásleppu verði endurskoðaður.

Til 29. aðalfundar

Landssambands smábátæigenda

Til grásleppunefndar

Grásleppunefnd LS 2012 – 2013:

| | |
|--------------------------|--------------|
| Birgir Ingvarsson | Bakkafirði |
| Guðmundur Jónsson | Hafnarfirði |
| Guðmundur R. Guðmundsson | Drangnesi |
| Hafþór Jónsson | Patreksfirði |
| Klemens Einarsson | Keflavík |
| Sigurður Kristjánsson | Húsavík |
| Valentínus Guðnason | Stykkishólmi |

Tilnefningar um nefndarmenn 2013 - 2014:

Frá Austurlandi

Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra

Frá Fonti

Birgir Ingvarsson, Bakkafirði

Frá Kletti

Sigurður Kristjánsson, Húsavík. Til vara Ólafur Sigurðsson, Árskógssandi

Frá Króki

Hafþór Jónsson, Patreksfirði – aðalmaður fyrir Vestfirði

Frá Eldingu

Bæring Gunnarsson, Bolungarvík – varamaður fyrir Vestfirði

Frá Reykjanesi

Klemens Einarsson, Keflavík

Frá Reykjavík

Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði

Frá Snæfelli

Valentínus Guðnason, Stykkishólmi

Frá Skalla

Hilmar Zophoníasson, Siglufirði

Frá Ströndum

Guðmundur R. Guðmundsson, Drangnesi